



Borgarráð

Fyrirhuguð ferð borgarstjóra til Lviv í Úkraínu

Fyrirhuguð er ferð borgarstjóra til Lviv dagana 22.-24. maí. Tilgangur ferðarinnar er að undirrita vinaborgarsamstarf milli Reykjavíkur og Lviv en þann 16. febrúar sl. samþykkti borgarráð að vinaborgarsamstarf yrði formgert milli Reykjavíkurborgar og Lviv og í framhaldi yrði unnin sérstakur vinaborgarsamningur. Annað markmið ferðarinnar er að innsigla uppbyggingu stoðtækjafyrirtækisins Össurar í Lviv í tengslum við endurhæfingarverkefnið Un-broken en borgarstjóri hefur haft milligöngu um það.

Með borgarstjóra í för verður forseti borgarstjórnar, aðstoðarmaður borgarstjóra og samskiptastjóri. Einnig er gert ráð fyrir að forstjóri Össurar og lykilstarfsfólk fyrirtækisins verði með í för.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri